Nr. 8. 26 4. janúar 1966.

SAMÞYKKT

um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Mosfellshrepp nr. 150 13. ágúst 1963.

Við 65. gr. bætist nýr stafliður, f. viðauki, svo hljóðandi:

f. viðauki: Þrátt fyrir ákvæði þau, sem að framan greinir um verzlunarhúsnæði getur heilbrigðisnefnd leyft vörusölu úr ökutækjum að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

1) Leyfið veitist til eins árs í senn.
2) Aðeins má geyma og selja innpakkaða vöru í sölutæki.
3) Rými fyrir matvæli skal vera hentugt og fullnægja sanngjörnum hreinlætiskröfum. Í því sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi: Veggir, loft, gólf og skilrúm, ef einhver eru, skulu vera áferðarslétt svo hreingerning sé auðveld og klædd ryðfríum plötum eða öðru jafnhentugu efni, sem raki kemst ekki í gegnum, og skal flöturinn vera í ljósum lit. Dyr og op skulu vera með þéttilistum til varnar ryki. Þar sem loftræstingarútbúnaður er, skal vera loftsía, sem skipta má og þannig gengið frá, að yfirþrýstingur sé í matvælarýminu.
4) Innréttingar í matvælarýminu, svo sem hillur, afgreiðsluborð, bakkar fyrir brauð og annað þvílíkt, skulu vera þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og þess vegna getur verið nauðsynlegt, að sumir hlutir innréttinga séu færanlegir.
5) Í ökutækinu skal vera snyrtiherbergi með sérinngangi og sér loftræstingu. Í snyrtiherberginu skal vera salerni og handlaug, og frárennsli í þar til gerðan geymi, sem losast daglega.
6) Ökutæki, sem ætlað er til sölu á kjötvörum, kjötafurðum, fiski, smjöri og smjörlíki, skal vera búið kælitækjum, sem tryggja að hitastigið í því rými, sem ætlað er fyrir þessar vörur fari ekki yfir + 8 gráður C.
7) Ákvæði þessarar greinar skerða þó ekki þær undanþágur til torgsölu o. fl., sem veittar eru annars staðar í samþykkt þessari eða í lögreglusamþykkt.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, er hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðissamþykktir, staðfestist hér með eftir tillögu landlæknis og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1966.

F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.